

43. Stjórnarfundur Nýheima 27. 1. 2015 kl. 8:45 – haldinn í Gömlubúð

Mættir eru: Ragnhildur Jónsdóttir, Davíð A. Stefánsson, Árdís E. Halldórsdóttir, Þorvarður Árnason, Zophonías Torfason, Kristín Hermannsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir, Vala Garðarsdóttir og Hrafnkell Guðnason sem fundar í gegnum Skype.

Fundarstjórn: Þorvarður Árnason

Ritari: Kristín Hermannsdóttir

Forfölluð: Helga Árnadóttir, Fanney Sveinsdóttir í fæðingarorlofi

Dagskrá:

- Kynning Erasmus+ á Höfn – Davíð sagði frá heimsókn frá Rennís á Höfn að kynna Erasmus+. Tillaga að dagsetningu er föstudagur 6. Febrúar en fólk frá Djúpavogi og Klaustri hefur verið boðið að taka þátt auk heimamanna. Bent var á áhugaverðan fyrirlestur Paul Guests sem finna má á vef Rannís um umsóknarskrif. Hrafnkell sagði í stuttu máli frá umsókn til Erasmus sem tengist námi sem HfSu er að fara að stað með í ferðapjónustu. Það nám byggist á reynslu þeirra á matvælanámi HfSu sem er í gangi þennan veturninn.
- Ársþing bekkingarsetra á Blönduósi 12. febrúar – Þetta er annar ársfundur þeirra og mun Davíð kynna Nýheima þar. Einnig á að ræða samstarfsnet bekkingarsetra, stöðu þeirra í nærsamfélaginu og samvinnu milli landshorna. Hugtakið bekkingarsetur er mjög vítt og er mismunandi hvernig það er notað.
- Aðalfundur: Aðalfundur Nýheima verður haldinn mánudaginn 13. apríl kl. 15-17 í Nýheimum. Stjórnarmenn þurfa að finna nýjan stjórnarformann og gjaldkera.
- Náttúrustofubing – Kristín kynnti þingið sem verður haldið 8. apríl á Höfn. Þema þingsins verður fuglar, með sérstaka áherslu á samstarf áhuga- og fræðimanna sem sinna athugunum og rannsóknum á fuglum á Íslandi. Dagskráin er ekki fullmótuð en stefnt er að erindum frá kl. 10-16. Allir beðnir um að taka daginn frá.
- Forvarnarstefna FAS – Zophonías kynnti vinnu sem farið hefur fram í FAS í forvarnarmálum. Eitt af því sem þar er sett fram er: Öll tóbaksnotkun er óheimil í húsi skólans og á skólalóð. Ætti þetta ekki að gilda fyrir allt húsið – Nýheima? Umræður sköpuðust um málið, en fólk var sammála um að aðrar reglur ættu að gilda um starfsmenn Nýheima en nemendur FAS. Samþykkt að stofna nefnd sem sér um að útbúa forvarnarstefnu Nýheima. Í henni eiga að sitja fulltrúar frá FAS, Menningarmiðstöð SVH og einn af hvorum gangi. Davíð fylgir málinu eftir.



- Föstudagsuppákomur – Vala sagði frá þeirri hugmynd að hafa föstudagshádegi í Nýheimum annan hvern föstudag líkt og verið hefur áður. Fundarmenn beðnir um að hugsa upp og koma með tillögur til Völu, bæði frá fólk í húsinu og utan þess. Auglýsa þarf viðburði tímanlega og setja inn í viðburðardagatal sem virkar útávið, því þetta fær fólk til að koma í Nýheima. Útbúa má póstlista yfir þá sem koma og vilja fá áminningu um viðburði.
- Árshátíð Nýheima – verður haldin 21.febrúar. Nefndin sér um undirbúning.
- Starfsáætlun NP 2015 – Davíð fór yfir drög að áætluninni og málín voru rædd.
- **Önnur mál**

Umhverfisdagur – tiltektardagur ákveðinn 22. apríl.

Öskudagur- Nýheimar ætla að gefa nammi og öskupoka. Davíð tekur málið.

Rætt um að fá Björn Inga Jónsson á fund stjórnar 25. febrúar.

Stjórnin vill heimsækja Þórbergssetur við tækifæri og einnig kom hugmynd að heimsókn á Djúpavog og skoða m.a. Djúpið.


Fólk frá Kirkjubæjarklaustri kemur á Höfn í febrúar – Davíð finnur dagsetningu.

Rætt um sjálfboða starf eins og SEEDS. Nokkrir fundarmenn hafa slæma reynslu af sjálfboðastarfi. Mikil og góður undirbúningur er mikilvægur og einnig þarf starfsmaður að fylgja hópnum allan tímann. Þá þarf hópurinn sem hingað kemur að fá skýr skilaboð um það starf sem þeirra bíður.

Vala bað fólk að skrá hjá sér málþing um fornleifar og fleira. 18.-20. Sept.

Næsti fundur verður 18.febrúar – öskudagur – þá mun Hrafnkell kynna verkefni á vegum HfSU sem tengist ferðaþjónustu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:00



Davíð Arnar
Þorláksson